

Verið velkomin á eftirtalda staði



Kjósín er austan og sunnan Hvalfjarðar. Hreppamörk Kjósarhrepps og Hvalfjarðar-sveitar liggja um Botnsá, Hvalvatn og Botns-súlur. Að austan liggja mörkin á móti Þingvallasveit um Botnsúlur; Sýsluhólma í Laxá ofan Þórufoss og Esju. Mörkin á móti Kjálarnesi liggja um Esju, Kerlingargil og Kiðafellsá. Kjósín er um 300 ferkílómetrar að stærð. Landbúnaður er aðalvinnugreinin í hreppnum. Um 600 sumarhús eru í Kjósarhreppi og íbúðarhúsum fjölga ört og er sótt vinna frá þeim mörgum hverjum utan sveitar.

Kjósín er að stærstum hluta á Náttúruminjaskrá. Steðji innan Hvammsvíkur, stundum kallaður Staupasteinn, er friðlýst náttúruvætti. Í steininum er sagður búa einbúi sem Erla Stefánsdóttir, pianókenari og sjáandi segir: „góðlyndan, gamansaman og barngóðan karl.“ Þar má hvorki slá né reita mosa.

Orustuhóll við bæinn Eilífsdal og Maríuhöfn við Búðasand eru nafntogaðir staðir frá söguöld í Kjós.

Vinsælar kræklingafjörur eru í Laxvogi og Hvalfirði.



Miðdalur stendur í samnefndum dal milli Eyrarfjalls og Esju við veg 460. Þar er stundaður blandaður búrekstur, aðallega mjólkurframleiðsla með 28 kúm auk svolíttillar nautakjötsframleiðslu. Um 40 vetrarfóðraðar ær eru á bænum. Auk þess eru þar ræktaðir HRFÍ Border Collie hundar. Þá eru um 30 hross, bæði í ræktun og reiðhross. Um 20 landnáms-hænur eru á hlaðinu og auk þess íslenskir hundar, kettir og eitt svín. Á vorin koma grunnskólar og leikskólar í heimsókn og fá að sjá dýrin í sínu rétta umhverfi, upplifa sveitina og komast í snertingu við dýrin. Börnum verður boðið á hestbak og gestum boðið uppá vörur frá Mjólkursamsölunni.

Opið frá kl. 13-17

S: 566 6834, middalur@emax.is



Kiðafell

Á fjósloftinu á Kiðafelli hefur verið komið fyrir fjölbreyttu safni gamalla muna í viðeigandi umhverfi. Þar má m.a. skoða gamlar búvélur, striðsminjar, sjávar- og landbúnaðarmínjar, ásamt fjölmörgu öðru sem haldið hefur verið til haga frá fyrri tímum. Allir ættu að koma auga á eitthvað áhugavert í safninu og þar eru margir hlutir sem koma gestum skemmtilega á óvart svo sem einn elsti ísskápur landsins, áfengisbók fyrir karla frá skömmunarárnum og hvalskurðarhnífur Halldórs Blöndals.

Opið frá kl. 13-17

S: 566 7051, 896 6984, kidafell@emax.is

„Hvala“- Einar Herjólfsson kom á skipi sínu í Maríuhöfn í Kjós árið 1402 og með áhöfninni barst Svarti dauði til Íslands. Svo bráð var sóttin að Áli prestur Svarthöfðason sem reið frá skipi að Litla-Botni andaðist þar ásamt sjö fylgdarsveinum. Í kjölfarið lagðist byggð nánast af í Hvalfirði um skeið.

Miðdalur



Eyrarkot

Eyrarkot er ferðaþjónustubær við Hvalfjarðareyri. Þar er aðstaða fyrir tíu manns í gistingu og í sal sem er í ævagömlum útihúsum er aðstaða fyrir 30-35 manns til funda og veisluhalds. Í kringum húsið er álfa- og huldufólksbyggð sem Erla Stefánsdóttir hefur gert kort af og gefst gestum tækifæri til að athuga hvort þeir verði einhvers varir. Jóhanna Harðardóttir, Kjálnesingagoði segir frá hinni fornu trú Íslendinga eins og hún birtist í goðorðinu á landnámsöld og fram á okkar tíma. **Fyrirlesturinn er kl. 14.** Myndlistarkonan Ragnhildur Jónsdóttir verður með sýningu á verkum sínum í salnum. Verkin eru unnin með blandaðri tækni og fjalla öll um lífið í náttúrunni.

Opið frá kl. 13-17, s: 692 3025, begga@emax.is



Kaffi Kjós

Kaffi Kjós er þjónustumiðstöð staðsett í suðurhlíð Meðalfells, í raunverulegu sveituumhverfi með góðu útsýni yfir Meðalfellsvatn. Þar eru margir möguleikar til skemmtilegrar útvistar og afþreyingar. Kaffi Kjós var opnað 1998 og hafa sömu aðilar rekið staðinn síðan. Þar er lögð áhersla á að fólk geti notið veitinga í heimilislegu andrúmslofti. Þann 19. júlí 2008 verður hoppukastali við Kaffi Kjós og hægt verður að prófa hjólabáta frá kl. 14-16. Boðið verður upp á kaffi og kleinur ásamt glaðningi fyrir börnin.

Opið frá kl. 12-22

S: 566 8099, 897 2219, hjalla@hive.is

Einn frægasti draugur landsins er Írafellsmóri. Sagt er að hann hafi verið vakinn upp úr dreng sem varð úti á milli bæja. Draugurinn var sendur að Möðruvöllum til að ásækja Kort nokkurn Þorvarðarson og sagt að hann myndi fylgja ætt hans í níu liði. Hann fylgdi svo syni hans að Írafelli þaðan sem hann ber nafn sitt.



Fyrirtækið Mjólkur ehf. var stofnað í febrúar árið 2005 af fjölskyldunni að Eyjum II og aðilum henni tengdum. Frá ársbyrjun 2008 rekur fjölskyldan bæði Mjólkur ehf. og Vogabæ. Mjólkur rekur umfangsmikla mjólkurframleiðslu á eigin búi að Eyjum II í Kjós. Afurða og úrvinnslustöð Mjólkur ehf. og Vogabæjar hefur verið sameinuð að Eyrartröð 2a í Hafnarfirði. Mjólkur og Vogabæ munu kynna vörur sínar í Félagsgarði en nánari dagskrá á tilhögun kynningar Mjólkur og Vogabæjar verður birt á vefnum www.kjos.is.

S: 414 6500, www.mjolka.is, olafur@mjolka.is



Á árinu 2002 vígði séra Pétur Þorsteinnsson, prestur Óháða safnaðarins í Reykjavík, sérstakan grafreit fyrir húsdýr í landi Hurðarbaks í Kjós fyrir tilhlutan eiganda jarðarinnar. Dýrgrafreitirinn er sá fyrsti sinnar tegundar hér á landi. Garðurinn er í fallegu umhverfi í Laxárdal í Kjós. Á undanförunum árum hafa dýravínir í sívaxandi mæli óskað eftir legstað í garðinum fyrir látin dýr. Þar hvíla nú á annað hundrað dýr, jafnt stór sem smá, og er þar á meðal hið landsþekktu naut Guttormur, sem ól aldur sinn í Húsdýrgarðinum í Reykjavík.

Gestum er boðið að heimsækja garðinn frá kl. 14-17

S: 566 7052, 899 7052, gudnyi@simnet.is

„Hér stóð bær með burstir fjórar“ orti Loftur Guðmundsson um æskuheimili sitt, Þúfukot í Kjós, ásamt fjölda annara dægurlagatexta, og gerði Haukur Morthens þann texta ódauðlegan með söng sínum.



Reynivellir



Neðri-Háls



Á Reynivöllum hefur verið kirkja frá landnámstíð eftir því sem best verður séð. Kirkjan sem þar er nú var reist árið 1859. Allt fram til þess tíma hafði kirkjan staðið í kirkju-garðinum ofanverðum og skammt frá hafði bærinn staðið frá ómunatíð, uns hann var færður á svipaðar slóðir og hann er nú eftir skriðuföll sem gengu oftsinnis yfir staðinn á 17. öld. Staðurinn býr yfir mikilli sögu enda alla tíð í þjóðbraut. Þar var þinghús sveitarinnar og fyrsti barnaskólinn, einnig var þar stundað fyrsta fiskeldi á Íslandi, 1884-6. Altaristafla eftir Brynjólf Þórðarson prýðir kirkjuna auk ýmissa annarra merkra gripa.

Sóknarpresturinn, dr. Gunnar Kristjánsson, flytur fræðsluerindi um sveitina og kirkjustaðinn kl. 17.

Á Neðri Hálsi hefur verið stunduð lífræn mjólkurframleiðsla í 12 ár. Ábúendur eru Kristján Oddsson og Dóra Ruf. Þau reka einnig fyrirtækið Biobú ehf. í Reykjavík, sem framleiðir lífræna jógúrt úr mjólk frá Neðri Hálsi og Búlandi í Landeyjum. Hægt er að heimsækja Neðri Háls frá kl. 13-16 en boðið verður upp á fræðslu um lífrænan landbúnað og gefið smakk á fullnum lífrænum mjólkurafurðum, krydduðum með góðri músík. Þarna gefst gott tækifæri til að setja sig í lífrænan gír með því að hlusta, þefa og smakka. Og munið: Allt lífrænt!

Opið frá kl. 13-16

S: 566 7035, 894 9567

kristján@biobu.is, www.biobu.is



Sveitamarkaður í FÉLAGSGARÐI

Í Félagsgarði, félagsheimili Ungmennafélagsins Drengs, er heimafolk með sveitamarkað og kynningu á ýmsum framleiðsluvörum. Meðal þess sem verður í boði er prjónavara, handverk, listmunir, matvæli, lifandi tónlist og margt fleira. Úti á velli er Björgunarsveitin Kjölur með margvísleg tæki og kassakliffur fyrir börnin. Þá verður hundaræktunin á Morastöðum með sýningu í hundafimi og nautakjötsframleiðslan á Hálsi kemur með stærsta naut landsins. Hrossaræktarbúið á Þorláksstöðum verður með folaldshryssu og stóðhest.

Björgunarsveitin verður með veitingasölu.

Opið frá kl. 13-18, s: 561 6521, steinkah@emax.is

Útivistarsvæði í Kjós

Mikil og góð útivistarsvæði frá náttúrunnar hendi eru í Kjósinni. Fjörur eru aðgengilegar og Hvalfjarðareyrin er vinsæll útivistarstaður. Þá er Meðalfellsvatn vinsælt veiðivatn og geta allir fengið keypt veiðileyfi í það. Laxá og Bugða eru meðal bestu veiðiáa landsins, enda umsetnar og kræklingafjörur eru með besta móti í Hvalfirði. Í Hvammsvík er öflug þjónusta við útivistarfólk og á Hvítanesi eru áhugaverðar herminjar sem hægt er að ganga um. Á jörðinni Fossá hefur verið stunduð skógrækt um árabil og er nú frjálst aðgangur að því svæði til útiveru í frábæru umhverfi. Einnig hefur Brynjadalurinn löngum heillað til útistar en þar er mikill skógur og Botnssúlur rismiklar í næsta nágrenni. Handan við Hríshálsinn blasir Glymur við og Hvalvatn er þar fyrir ofan. Ekki má svo gleyma gönguleiðinni um Leggjarbrjót á Þingvöll sem er vinsæl gönguleið og fjölfarin.

Kátt í KJÓSINNI

Opinn dagur laugardaginn 19. júlí 2008 frá kl. 13.00



Meðalfellsvatn



Hvammsvík

Veiðikortið og Lax ehf. sem er leigutaki vatnasvæðis Laxár bjóða frítt í veiði í Meðalfellsvatni á milli kl. 13 og 17. Þeir sem vilja nýta sér það geta kynnt sér upplýsingar um vatnið á www.veidikortid.is.

Meðalfellsvatn er 2 km² að flatarmáli. Mesta dýpi vatnsins er tæplega 19 m og meðaldýpi er 4,4 m. Dýpsti hluti þess er í því austanverðu en meginhluti þess er tiltölulega grunnur (2-4 m). Vatnasvið Meðalfellsvatns er um 39 km². Í það sunnanvert renna smáárnar Flekkudalsá með upptök í Flekkudal í norðanverðri Esju og Sandsá með upptök í norðanverðum Móskaðshnúkum. Úr Meðalfellsvatni norðvestanverðu fellur áin Bugða sem rennur í Laxá.

Frítt í veiði frá kl. 13-17, www.veidikortid.is

Á útivistarsvæðinu í Hvammsvík er nú rekin blómleg ferðaþjónusta og þar er að finna fjölbreytta afþreyingu fyrir alla fjölskylduna. Þar er m.a. í boði silungsvæði, golfvöllur, kajakferðir, hestar, grillveislur og margt fleira.

Auk þess að bjóða upp á stuttar kajakferðir um Hvalfjörðinn, bjóðum við upp á kajakferðir víða um land sem og kajaknámskeið. Þá er einnig rekinn í Hvammsvík innflutningur á kajökum og tengdum búnaði. Þær vörur, sem við flytjum inn, fást allar á staðnum og hægt er að prufa báta. Laugardaginn 19. júlí er frítt á golfvöllinn; 25% afsláttur á veiðileyfi; hestar verða teymdir með börnum sem það vilja og ýmis annar glaðningur verður í boði.

Opið frá kl. 13-17, s: 566 7023, info@hvammsvik.is



Bændasamtökin reka verkefnið „Opinn landbúnaður“ og taka þátt í Kátt í Kjósinni með stuðningi sínum ásamt því að leggja til fræðsluefni fyrir börnin.

SKRIFSTOFA KJÓSARHREPPS

Ásgarður Kjós | 270 Mosfellsbær

Sími: 566 7100 / 566 7001 | Fax: 566 8571

Netfang: kjos@kjos.is

Veffang: www.kjos.is

Hönnun: Sögumiðlun ehf, Borgarhóli
Ljósmyndir: Óskar Páll Sveinsson, Bugðuósi,
Sögumiðlun ehf, o.fl.



Guðjónó - vistvaen prentsmiðja



Laxá er stolt sveitarinnar enda með bestu laxveiðiám landsins. Mest hafa veiðst í henni 381 laxar sumarið 1988. Lengd árinna er um 25 km og veiðistaðir eru yfir 100. Þekktir fossar í henni eru: Þóru-foss, Pokafoss niður af Vindáshlíð, Kvíslarfoss við brúna á Hvalfjarðar-vegi, Laxfoss litlu ofar og Sjávarfoss niður við Laxvog.

Það er skýr stefna í aðalskipulagi Kjósarhrepps að halda yfirbragði sveitar, efla umhverfisvernd og aðhafast ekkert það sem spillt getur umhverfi og samfélagi.

Á stríðsárunum hafði breski herinn mikil umsvif við Hvalfjörð, margar varðstöðvar, birgðastöð og kaþbátagirðingu þvert yfir fjörðinn. Víða má sjá þess nokkur merki, ekki síst í Hvítanesi. Þar innan við eru leifar af tröppum sem gerðar voru þegar Winston Churchill kom til landsins. Mannvirki hersins voru rifin að loknu hernámi en efniviðurinn notaður í byggingar í hreppnum eins og Félagsgarð.